

Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 12. maí 2021 vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Lækjargötu 1.

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir Lækjargötu 1, birtist í Frétta- og Lögbirtingarblaðinu föstudaginn 14. maí nk. Tillagan er í kynningu frá 14. maí 2021 til og með 30. júní 2021. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð:

<https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/laekjargata-1-0>

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Lækjargata 1.

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 14. apríl 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 29. apríl 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 1 við Lækjargötu, lóð forsætisráðuneytisins og stjórnarráðshússins, vegna áforma um viðbyggingu við Stjórnarráðshúsið fyrir starfsemi forsætisráðuneytisins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **14. maí 2021 til og með 30. júní 2021**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, www.reykjavik.is, skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 30. júní 2021. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Kveðja,
Þuríður Guðmundsdóttir
Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulagsfulltrúa
Borgartúni 12 - 14, 105 Reykjavík
Sími: 411-1111 - Netfang: skipulag@reykjavik.is